



## Reglur Fjarðabyggðar um stuðningsþjónustu

### I. kafli Almennt um stuðningsþjónustu

#### 1. gr.

##### *Lagagrundvöllur*

Reglur þessar eru með hliðsjón af lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 með síðari breytingum og með sérstaka vísun í VII kafla laganna, lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018 með vísun í III kafla laganna og 24. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002.

#### 2. gr.

##### *Markmið*

Markmið stuðningsþjónustupjónustu er að leiðbeina, styðja og aðstoða notendur sem þurfa, aðstæðna sinna vegna, á stuðningi að halda við heimilishald og athafnir daglegs lífs til þess að geta búið sem lengst heima, bjargað sér sjálfir og verið félagslega virkir. Stuðningurinn byggir fyrst og fremst á þeim markmiðum sem notandi setur sér til að ráða við daglegt líf.

#### 3. gr.

##### *Stjórn og yfirumsjón*

Sviðsstjóri fjölskyldusviðs og stjórnandi stoð- og stuðningsþjónustu hafa yfirumsjón með stoð- og stuðningsþjónustu. Forstöðumenn búsetuþjónustu og stuðnings- og heimaþjónustu bera faglega ábyrgð á þjónustunni og annast daglega framkvæmd þjónustunnar samkvæmt reglum þessum.

#### 4. gr.

##### *Stuðningur*

Stuðningsþjónusta er til handa þeim sem búa á eigin heimilum og þurfa stuðning vegna skertrar getu, fjölskylduaðstæðna, álags eða veikinda. Stuðningsþjónusta samkvæmt reglum þessum er veitt bæði innan heimilis og utan.

Með stuðningsþjónustu í reglum þessum er átt við eftirfarandi stuðning:

- a) *Stuðningur við athafnir daglegs lífs*, s.s. við að sinna persónulegu hreinlæti, klæðast og nærast.
- b) *Stuðningur við heimilishald* er stuðningur við þau verk sem þarf að leysa af hendi á heimili notanda svo að hann geti búið heima. Auk þess er veittur stuðningur við að nýta velferðartækni sem auðveldar notanda heimilishald og starfsfólki að veita þjónustuna.
- c) *Félagslegur stuðningur* sem miðar einkum að því að rjúfa einangrun og hefur það markmið að styðja og hvetja notanda til félagslegrar þátttöku svo sem í félagsstarfi.



- d) *Heimsending matar* er fyrir þá notendur sem ekki geta annast matseld sjálfir.
- e) *Aðstoð við umönnun barna og fullorðinna* vegna verulegrar umönnunarbyrðar eða félagslegra aðstæðna.
- f) *Garðsláttur* er fyrir þá einstaklinga sem falla undir lög um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir og/eða eldri einstaklinga og/eða öryrkja sem hafa nú þegar stuðningsþjónustu inná heimili, geta ekki slegið sjálfir eða búa með einstaklingi sem er fær um að slá. Aldrei er slegið meira land en 300 fm að jafnaði. Slegið er að hámarki þrisvar á ári, í júní, júlí og ágúst.
- g) *Snjómokstur* er fyrir þá einstaklinga sem falla undir lög um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir og/eða eldri einstaklinga og/eða öryrkja sem hafa nú þegar stuðningsþjónustu inná heimili, geta ekki mokað sjálfir eða búa með einstaklingi sem er fær um að moka.

Leitast er við að koma til móts við einstaklingsbundnar þarfir hvers og eins. Notandi skal vera á heimilinu þegar stuðningur er veittur og taka þátt í þeim verkefnum sem leysa þarf af hendi, eftir því sem kostur er. Ef aðstæður eru með þeim hætti að notandi getur ekki verið til staðar getur stuðningur við heimilishald farið fram gegn skriflegu samþykki notanda.

Við veitingu stuðnings skal leitast við að nýta stafrænar og tæknilegar lausnir. Skal það háð samráði við viðkomandi einstakling.

## II. kafli Skilyrði fyrir stuðningsþjónustu

### 5. gr.

*Skilyrði fyrir því að umsókn um stuðningsþjónustu verði samþykkt*

Umsækjandi skal uppfylla öll eftirtalin skilyrði til að fá stuðningsþjónustu samkvæmt reglum þessum.

- a) Umsækjandi skal eiga lögheimili í Fjarðabyggð þegar sótt er um.
- b) Umsækjandi skal búa í sjálfstæðri búsetu. Einstaklingar, sem dveljast á sjúkrahúsi/eru innlagðir á spítala, búa á hjúkrunarheimili eða stofnun þar sem greidd eru daggjöld frá ríkinu, eiga ekki rétt á þjónustu skv. reglum þessum. Í undantekningartilfellum er möguleiki á félagslegum stuðningi til einstaklinga sem búa á hjúkrunarheimilum.
- c) Umsækjandi skal vera metinn í þörf fyrir stuðningsþjónustu skv. 7. gr. reglna þessara.

Umsækjanda skal tilkynnt um hvort að umsókn hans hafi verið samþykkt í gegnum íbúagátt.



### III. kafli Umsóknir og mat

#### 6. gr.

##### *Umsókn og fylgigögn*

Sækja skal um stuðningsþjónustu með rafrænum hætti á íbúagátt Fjarðabyggðar (íbuagatt.fjardabyggd.is). Hægt er að fá aðstoð við umsóknir með því að hringja í síma 470-9015.

Með umsókn er umsækjandi upplýstur um heimild fjölskyldusviðs til að afla nauðsynlegra gagna frá starfsfólki heilbrigðisþjónustu svo hægt sé að afgreiða umsóknina.

Þegar umsókn berst skal starfsfólk fjölskyldusviðs Fjarðabyggðar hafa samband við viðkomandi og meta þörf á stuðningi.

Ef umsókn um þjónustu er byggð á lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir skal gilt örorkumat og sjúkdómsgreining/fötlunargreining fylgja umsókn.

Ef umsækjandi sækir um undanþágu frá gjaldskyldu vegna stuðnings er hann upplýstur um heimild fjölskyldusviðs til að afla gagna frá Tryggingastofnun ríkisins og skattýfirvöldum.

#### 7. gr.

##### *Mat á stuðningsþörf*

Umsóknir um stuðningsþjónustu eru metnar af starfsfólki fjölskyldusviðs og haft er samband við umsækjanda eins fljótt og auðið er frá því umsókn berst. Mat á stuðningsþörf fer fram í samvinnu við umsækjanda og er það framkvæmt á heimili umsækjanda. Við matið er tekið tillit til markmiða og þarfa umsækjanda fyrir stuðning, líkamlegs og andlegs heilsufars, félagslegrar virkni, styrkleika og félags- og fjölskylduaðstæðna og færni hans til að sinna athöfnum daglegs lífs. Þegar aðstoð við heimilishald er metin og fleiri fullorðnir einstaklingar búa á heimilinu skal matið hvort þeir séu færir um að annast heimilishaldið. Mat á stuðningsþörf nær einnig til möguleika til að nýta tækni, hjálpartæki og/eða þess að breyta verklagi í athöfnum daglegs lífs með tilliti til nýrrar tækni kjósi umsækjandi það.

Við mat á stuðningsþörf er horft til heildaraðstæðna umsækjanda og skipulags daglegs lífs. Markmiðið er að leiðbeina og styðja umsækjanda til að leita bestu mögulegu lausna við heimilishald og athafnir daglegs lífs, til þess að hann geti búið heima, bjargað sér sjálfur og verið félagslega virkur. Stuðningur byggist fyrst og fremst á þeim markmiðum sem notandi setur sér til að ráða við daglegt líf.

Ef þörf er á skal umsækjandi fá aðstoð við öflun nauðsynlegra gagna til grundvallar mati á þjónustupörf. Læknisvottorð skal liggja fyrir þegar um heilsufarsástæður er að ræða.

Þegar mat á stuðningsþörf hefur verið framkvæmt er umsóknin tekin fyrir á meðferðarfundi fjölskyldusviðs og þar er tekin ákvörðun um umfang og eðli þess stuðnings sem veittur er.

Umsækjandi fær skriflegt svar í íbúagátt þar sem fram kemur hvernig umsókn hans hefur verið afgreidd. Þegar umsókn um stuðningsþjónustu hefur verið samþykkt af meðferðarfundi fjölskyldusviðs er gerður þjónustusamningur um þjónustuna og í kjölfarið getur stuðningur hafist.



Þegar sérstakar aðstæður krefjast þess, s.s. við útskrift af spítala með skömmum fyrirvara, er heimilt að hefja stuðning þótt samþykktarferli sé ekki lokið.

Þegar um er að ræða alvarleg veikindi skal stuðningurinn ætíð metinn, skipulagður og samhæfður með fagaðilum heimahjúkrunar í samræmi við þarfir notanda.

Sé niðurstaða mats sú að aðstæður umsækjanda séu ekki með þeim hætti að þörf sé á stuðningi eða umsækjandi sé í þörf fyrir umfangsmeiri stuðning en reglur þessar kveða á um, ber að synja umsókninni.

Sé stuðningsþörf vegna fötlunar metin meiri en svo að henni verði mætt að fullu með stoðþjónustu skv. VII. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga skal stuðningur samkvæmt III. kafla laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir koma til viðbótar og þjónustan samþætt í þágu notanda. Unnið skal að því að notandi fái heildstæða og samþætta þjónustu eða aðstoð.

#### 8. gr.

##### *Þjónustusamningur*

Áður en þjónusta hefst skal gerður þjónustusamningur á milli aðila og í samvinnu við notanda. Stuðningur byggir ætíð á skýrum markmiðum og tilgangi. Árangur er metinn reglulega.

Í þjónustusamningi kemur eftirfarandi fram:

- Markmið notanda með stuðningi og hvernig því skuli náð.
- Hvaða stuðning er um að ræða og hvernig hann skuli veittur.
- Gildistími samþykktar.
- Notkun lykla.

Stuðningur er veittur í samræmi við þörf og að jafnaði í tiltekinn fjölda klukkustunda í viku hverri á grundvelli mats á stuðningsþörf, sbr. 3. gr. þessara reglna. Almennt viðmið er að aðstoð geti numið allt að 15 stundum á viku. Um aukna þjónustuþörf fyrir fatlað fólk fer samkvæmt lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir.

#### IV. kafli Framkvæmd

#### 9. gr.

##### *Gjaldtaka*

Greitt er fyrir stuðningsþjónustu, þ.e. heimilisstörf, aðstoð við þrif, heimsendingu matar, akstur, garðslátt og snjómokstur samkvæmt gildandi gjaldskrá sem samþykkt er á félagsmálanefndarfundum árlega, sbr. 4. mgr. 26. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991.

Undanþága frá greiðslu:

Þeir sem eingöngu hafa tekjur frá Tryggingarstofnun ríkisins, þ.e. lífeyri, tekjutryggingu, tekjutryggingaauka og heimilisuppbót eða tekjur sem samsvara þeirri fjárhæð, geta sótt um

Fjarðabyggð  
Hafnargötu 2  
730 Fjarðabyggð

Sími 470 9000  
www.fjardabyggd.is  
kt.470698-2099

Mjólfjörður  
Norðfjörður

Eskifjörður  
Reyðarfjörður

Fáskrúðsfjörður  
Stöðvarfjörður

Breiðdalur



niðurfellingu gjalds fyrir stuðningsþjónustu. Tekjuviðmið tekur breytingum í samræmi við breytingar á bótum almannatrygginga. Greiðslur miðast við tekjur og handbært fé allra heimilismanna yfir 18 ára aldri skv. skattframtali. Undanþága frá gjaldi gildir ekki fyrir heimsendingu matar, garðslátt eða akstur.

### 10. gr.

#### *Endurmat*

Þegar færni notanda til að sinna athöfnum daglegs lífs eða félags- og fjölskylduaðstæður breytast skal endurmeta stuðningsþörf. Almennt skal endurmeta þörf fyrir stuðning eigi sjaldnar en á 12 mánaða fresti. Þar sem fyrirsjáanlegt er að þörf fyrir stuðning verði langvarandi, skal fara fram endurmat á 24 mánaða fresti.

Ef umsækjandi óskar eftir áframhaldandi þjónustu skal hann sækja um hana að nýju. Ætíð skal meta þjónustupörf viðkomandi. Notandi/forsjáraðili/persónulegur talsmaður ber ábyrgð á að fylgjast með gildistíma samnings. Notandi skal sækja um að nýju fjórum vikum áður en samningur er útrunninn.

### 11. gr.

#### *Breyttar aðstæður*

Notanda ber að upplýsa fjölskyldusvið Fjarðabyggðar um breytingar á högum sínum sem áhrif kunna að hafa áhrif á fyrirliggjandi mat á þeim. Ef um er að ræða verulegar breytingar eftir að umsókn hefur verið samþykkt er heimilt að endurskoða gildistíma samþykkis og þjónustusamning.

## V. kafli

### Ýmis ákvæði

### 12. gr.

#### *Kostnaður*

Notanda ber að greiða fyrir sjálfan sig allan þann kostnað sem hlýst af því þegar félagslegur stuðningur er veittur utan heimilis. Fjölskyldusvið Fjarðabyggðar endurgreiðir starfsmanni útlagðan kostnað hans vegna félagslegs stuðnings upp að því marki sem fram kemur í þjónustusamningi. Útlagður kostnaður starfsmanns skal tengdur þeim markmiðum sem sett eru í þjónustusamningi.

### 13. gr.

#### *Ferðir*

Meginreglan er sú að almenningssamgöngur séu notaðar þegar félagslegur stuðningur er veittur utan heimilis.

### 14. gr.

#### *Fjármunir notenda*

Starfsmanni er óheimilt að fara með fjármuni notanda nema í undantekningartilfellum og þá gegn skriflegu umboði þjónustunotanda.

**15. gr.***Vinnuaðstæður*

Sé öryggi starfsfólks ógnað á heimilinu, t.d. vegna óreglu eða áreitni notanda getur þurft að fresta stuðningi á meðan unnið er í málinu og úrbætur gerðar.

**VI. kafli**  
**Málsmeðferð****16. gr.***Málsmeðferð*

Málsmeðferð fer samkvæmt ákvæðum stjórnarsýslulaga, nr. 37/1993, og ákvæðum XV. og XVI. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga.

**17. gr.***Samvinna við umsækjanda*

Öflun gagna og upplýsinga skal unnin í samvinnu við umsækjanda. Við meðferð umsóknar og ákvörðun skal leitast við að hafa samvinnu og samráð við umsækjanda eftir því sem unnt er, að öðrum kosti við umboðsmann/persónulegan talsmann hans ef við á. Í þeim tilvikum skal framvísa skriflegu umboði.

**18. gr.***Varðveisla gagna, trúnaður og aðgangur að gögnum*

Málgögn er varða persónulega hagi einstaklinga skulu varðveitt með tryggum hætti. Hafi starfsmenn kynnst einkahögum umsækjanda eða annarra í starfi sínu er þeim óheimilt að fjalla um þau mál við óviðkomandi nema að fengnu samþykki viðkomandi. Umsækjandi á rétt á að kynna sér upplýsingar úr skráðum gögnum sem varða mál hans að svo miklu leyti sem það stangast ekki á við trúnað gagnvart öðrum. Starfsmönnum er ekki heimilt að taka við gjöfum eða greiðslum frá notendum þjónustunnar eða aðstandendum þeirra.

**19. gr.***Leiðbeiningar til umsækjanda*

Við afgreiðslu umsóknar skal starfsmaður bjóða umsækjanda ráðgjöf og veita upplýsingar og leiðbeiningar um réttindi sem hann kann að eiga annars staðar. Berist skriflegt erindi sem ekki snertir starfssvið fjölskyldusviðs, skal starfsmaður í samráði við umsækjanda senda erindið á réttan stað svo fljótt sem auðið er.

**20. gr.***Niðurstaða og rökstuðningur synjunar*

Kynna skal niðurstöðu umsóknar svo fljótt sem unnt er. Sé ekki unnt að hefja þjónustu strax og umsókn er samþykkt skal tilkynna umsækjanda um ástæður þess og hvenær áætlað er að þjónustan verði veitt.



Sé umsókn hafnað í heild eða að hluta skal umsækjandi fá skriflegt svar þar sem ákvörðun er rökstudd með skýrum hætti með vísan til laga um félagsþjónustu sveitarfélaga og reglna sveitarfélagsins um stuðningsþjónustu.

### 21. gr.

#### *Kynning á ákvörðun um þjónustu*

Þar sem starfsmenn fjölskyldusviðs hafa umboð til að taka ákvörðun á grundvelli þessara reglna skulu þeir kynna umsækjanda niðurstöðu tryggilega og kynna honum um leið rétt hans til að fara fram á að félagsmálanefnd Fjarðabyggðar fjalli um umsóknina. Umsækjandi hefur fjögurra vikna frest til að vísa máli sínu til félagsmálanefndar frá því honum barst vitneskja um ákvörðun. Nefndin skal fjalla um umsókn og taka ákvörðun svo fljótt sem unnt er. Ákvörðun nefndarinnar skal kynnt umsækjanda tryggilega og um leið skal honum kynntur réttur hans til málskots til Gæða- og eftirlitsstofnunar velferðarmála (gev.is).

### 22. gr.

#### *Málskot til úrskurðarnefndar félagsþjónustu*

Umsækjandi getur skotið ákvörðun félagsmálanefndar til Gæða- og eftirlitsstofnunar velferðarmála, Suðurlandsbraut 24, 108 Reykjavík. Skal. Skal það gert innan þriggja mánaða frá því umsækjanda barst vitneskja um ákvörðun félagsmálanefndar.

### 23. gr.

#### *Gildistaka*

Reglur þessar eru settar af bæjarstjórn Fjarðabyggðar og öðlast gildi við samþykkt bæjarstjórnar.

Fjarðabyggð



Jóna Árný Þórðardóttir

bæjarstjóri

Samþykkt í bæjarstjórn 27.4.2023